

Sp.

333. Fyrirspurnir

[173. mál]

- I. Til ríkisstjórnarinnar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta gera fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss, og sé svo, hvenær er þá líklegt, að þeirri fullnaðaráætlun verði lokið?

- II. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun minningarsjóðs.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin í hyggju — og ef svo er, þá hvernig — að koma því í kring, að minningarsjóður hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, sem stofnaður var með skipulagsskrá 14. okt. 1914, nýtist til stofnunar elliheimilis í sveit nú á næstunni?
2. Hverjar eru eignir sjóðsins nú?